

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	43 996.85
— — — — - 10. — II.	— —	—	1 165 067.28
— — — — - 11. — B.	— —	—	51 808.27
— — — — - 13. — A.	— —	—	1 851 022.17
— — — — - 13. — B.	— —	—	3 373 892.16
— — — — - 13. — C.	— —	—	890 430.11
— — — — - 13. — D.	— —	—	246 766.38
— — — — - 13. — E.	— —	—	161 566.81
— — — — - 14. — B.	— —	—	178 962.83
— — — — - 16. — B.	— —	—	5 147 325.23
— — — — - 16. — C.	— —	—	115 721.25
— — — — - 18. —	— —	—	444 111.30
— — — — - 19. — 5.	— —	—	3 938 622.59
			kr.	40 166 510.40
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	—	32 527 940.32
Inn fóru kr. 112 524 783.27 fram úr fjárlagaáætlun.				
			Samtals	kr. 72 694 450.72

Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,

Félag íslenzkra iðnrekenda,

Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,

Landssamband iðnaðarmanna,

Samband ísl. samvinnufélaga,

Verzlunarráð Íslands,

Vinnuveitendasamband Íslands.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.

3. gr.

Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra, sem ákveður laun þess, að fengnum tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. gr.

Markmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands er að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnað varða. Hún skal leitast við að efla samvinnu framleiðenda, stofnana og félagasamtaka til framfara í íslenskum iðnaði og vörudreifingu og hafa náð samstarf við þá aðila um slík mál.

5. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenskra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur.

6. gr.

Stofnuninni skal heimilt að taka að sér tiltekin verkefni til fyrirgreiðslu hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og er stofnuninni óheimilt að skýra frá þeim, nema með samþykki aðila.

7. gr.

Reksturskostnaður Iðnaðarmálastofnunar Íslands, umfram reksturstekjur, greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.